

EFTIRLITSSKÝRSLA

Landeldi ehf. (First Water) Öxnalæk í Ölfusi



Dags eftirlits	6.7.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Landeldi ehf. (First Water)	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Öxnalæk	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	650417-1510	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Sólveig Dröfn Símonardóttir	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	393201,157 388615,307

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram í eftirliti er varða: 1) Ársyfirliti var skilað 11.júlí. 2) Skilum á grænu bókhaldi var skilað 12. Júlí. 3) Losun mengandi efna er yfir viðmiðunarmörkum á fosfór og köfnunarefni. Rekstraraðili hefur nú skilað ársyfirliti og grænu bókhaldi og telst því þeim frávikum lokað.

Ábending var gerð á aðkomu lóðar en mikið af óþarfa úrgangi er tengist ekki starfsemi staðarins er að finna á lóð rekstraraðila, var honum bent á að gera tiltekt á lóðinni og koma ástandi hennar í betra horf.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit var framkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Farið var í eftirlit í seiðaeldisstöð Landeldis ehf. (First Water) að Öxnalæk í Hveragerði. Starfsleyfið var upphaflega gefið út árið 2011 til Íslandsbleikju ehf. en hefur síðan farið í gegnum tvær handhafa breytingar. Árið 2018 færðist það yfir á Samherja fiskeldi ehf, og árið 2020 færðist það svo yfir á Landeldi ehf., sem nýlega hefur fengið nafnabreytinguna First Water. Landeldi ehf. hefur séð um rekstur á staðnum síðan 16.nóvember 2020.

Fulltrúi fyrir hönd Landeldis ehf. var Sólveig Dröfn Símonardóttir, gæðastjóri seiðaeldis í Öxnalæk. Boðuð dagskrá:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á breytingum á fyrirkomulagi eftirlita, á breyttri gjaldskrá og áhersluverkefninu „mengaður jarðvegur“.

Framleidd voru 77,1 tonn af laxaseiðum á síðasta rekstrarári og því vel innan marka starfsleyfis. Engar mælingar úr frárennsli voru gerðar á síðasta rekstrarári, en rekstraraðili ber að taka sýni úr frárennsli þriðja hvert ár (heildarfosfór, heildarköfnunarefni, svifagnir og TOC/COD). Einnig skal efnainnihald mælt 1 m frá útrás á þriggja ára fresti (sjá gr. 2.7. í starfsleyfi). Fyrstu mælingar bárust árið 2021, og næst skal því mæla árið 2024. Rekstraraðili nýtir bestu fánlegu tækni sem skilgreind hefur verið við mengunarvarnir, einnig fyrir orku og vatnsnýtingu. Fóðurgjöf er ákvörðuð út frá vaxtarlíkönum, fóðurstuðull samkvæmt ársyfirliti stendur í 0,914.

Efnalosun í frárennsli á fosfór (P) og köfnunarefni (N) mældust 8,88 kg P/framleitt tonn og 124,34 kg N/framleitt tonn. Viðmiðin eru hin vegar 7 kg P/framleitt tonn af fosfór og 60 kg N/framleitt tonn af köfnunarefni. Aukning umfram heimild er því 25% af fosfór og 107% af köfnunarefni og er frávík frá gr. 2.4. í starfsleyfi.

Rekstraraðili hefur allar þær áætlanir sem til eru skyldar, þ.e. frágang vegna rekstrarstöðvunar, viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa og tillögu um meðferð/förgun eldisfisks. Rekstraraðila var bent á að endurskoða/uppfæra þær ef þörf þykir sökum aldurs og vegna umtalsverða mannabreytinga.

Engar breytingar hafa verið gerðar á almennum rekstri Öxnalæks. Engin mengunaróhöpp hafa átt sér stað, né hafa kvartanir borist rekstraraðila.

Vinna við endurbætur eru til staðar á svæðinu, m.a. ljósastýring. Syðst í húsinu eru yngstu seiðin látin vaxa þar til þau ná ákveðinni stærð og eru þá færð yfir í ker af miðlungsstærðum, áður en þau enda í allra stærstu kerin sem eru um 7,6 m í þvermál og eru nyrst í húsinu. Tvær síur eru innanhúss sem frárennslisvatn rennur í gegn um. Mikið yfirfall er af vatni innan hússins sem dælist upp úr lögnum, mögulega þarf að huga að frágangi þess til að tryggja starfsöryggi innan svæðisins. Úti eru ker sem eru mun stærri, eða allt að 12 m. Vatn er dælt úr borholum sem eru staðsettar norður af starfstöðinni.

Óskað var eftir afstöðumynd af stöðu lagna, innrennslis og frárennslis af rekstrarsvæðinu, einnig yfirsýn á hvar mælingar munu verða gerðar. Austan megin við stóru kerin er tromlusían staðsett, ásamt tvískiptri setþró, frárennslíð endar að lokum í Varmá. Dauðfiskur endar í moltugerð, og var skráð magn þess úrgangs 22,6 tonn á síðasta rekstrarári.

Á þeim tíma sem eftirlit fór fram, bendir rekstrarfulltrúi á að vatnsafköst eru nánast fullnýtt vegna stærð seiðanna, að auki er vatnið einnig endurnýtt eftir hreinsun þess. Súrefniskerfi er einnig til staðar. Súrefnistankur er staðsettur nyrst á lóðinni og er vel frágenginn.

Daglegum skráningum vegna innra eftirlits eru fyllt á eyðublöð og færð svo yfir í gagnagrunninn *mercatus*. Það er enginn olíugeymir á svæðinu en mikið er af rusli sem tengjast starfseminni ekki beint innan lóðarmarka og var gerð athugasemd á það, fulltrúi rekstraraðila sammæltist því og mun vinna að hreinsun á svæðinu á komandi vikum og verður staðan tekin í næsta reglubundna eftirliti.

Rekstraraðili er ekki með vottað umhverfisstjórnunarkerfi. Hins vegar er vinna við að setja upp mælanleg umhverfismarkmið sem er liður að umhverfisstefnu fyrirtækisins. Er sú vinna unnin í samstarfi við þriðja aðila. Einnig er unnið að uppfærslu á gæðahandbók fyrirtækisins.

Samkvæmt áhættumati fellur rekstraraðili undir viðmið að fá reglubundið eftirlit árlega. Aftur á móti er áhættumat Umhverfisstofnunar í gagngerðri endurskoðun sem gæti haft áhrif tíðni eftirlita Umhverfisstofnunar. Þetta er gert í samræmi við innri úttekt sem stofnunin hlaut fyrir á árinu á vegum IMPEL (samstarf stofnana í Evrópu um innleiðingu og eftirfylgni umhverfislöggjafar). Á þeirri vinnu að vera lokið í lok árs 2023 og verður þá rekstraraðilum upplýst um niðurstöðu þeirra vinnu og hvort einhver breyting verði er snýr að þeim.

Frávik frá	Lýsing á frávik
2.4. er varðar efnalosun, undir vatnsgæði og lífríki.	Efnalosun í frárennslis á fosfór (P) og köfnunarefni (N) síðasta árs, mældust 8,88 kg P/framleitt tonn og 124,34 kg N/framleitt tonn. Viðmiðin eru hin vegar 7 kg P/framleitt tonn af fosfór og 60 kg N/framleitt tonn af köfnunarefni. Aukning umfram heimild er því 25% af fosfór og 107% af köfnunarefni
Gr. 3.5	Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirliti var skilað 11. júlí sl. og telst því frávikinu lokið.
Gr. 3.6	Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 og skila til eftirlitsaðila árlega, fyrir 1. maí fyrir undangengið almanaksár sbr. 11 gr. fyrrnefndrar reglugerðar um orænt bókhald. Grænu bókhaldi var skilað 12. júlí

ÁBENDINGAR

Halda þarf lóð snyrtilegri og koma frá rusli sem safnast hefur upp innan lóðar, sem ekki tengist rekstri og koma því í réttan farveg til förgunar eða endurnýtingar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

Halla Margrét Viðarsdóttir

Halla Margrét Viðarsdóttir

